

Mál nr. 20/2019

Fimmtudaginn 19. september 2019 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 20/2019

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 27. júní 2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (X) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíka A við rakkann B án þess að vera með gilt vottorð dýralæknis um hæfi til að ganga með og ala önn fyrir hvolpum vegna aldurs. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 7. ágúst 2019 og henni gefinn frestur til að andmæla til 4. september 2019. Kærða svaraði bréfinu og reifaði þar málsatvik. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 4. nóvember 2018 var tíkin A ekki með gilt vottorð dýralæknis um hæfi til að ganga með og ala önn fyrir hvolpum vegna aldurs. Skv. grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ þarf slíkt vottorð að liggja fyrir séu tíkur paraðar eftir 7 ára aldur. Hundarnir eru af kyninu labrador retriever.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein . að vera með gild vottorð fyrir þörun um heilsufarsskoðun.

3.5. Ef tók er þöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja þörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem staðfestir að tókin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir þörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Vottorð dýralæknis má ekki vera eldra en mánaðargamalt við þörun. Þara ekki tók sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður. Aldrei má þara tók sem náð hefur 10 ára aldri.

Í málinu liggur fyrir að þegar þörun fór fram hinn 4. nóvember 2018 var tókin ekki með fyrirbyggjandi vottorð dýralæknis vegna aldurs. Samkvæmt grundvallarreglum HRFÍ er ljóst að slíkt vottorð skal liggja fyrir. Hefur kærða því gerst brotlegar við grein 3.5 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ og er það mat nefndarinnar að hæfileg viðurlög við brotinu sé áminning.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grein 3.5 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða X áminnt.

f.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir